

Hverfisráð Öxarfjarðar

4. fundur

28. febrúar 2018 kl. 19:00

Að þverá í Öxarfirði

Mætt voru:

Elvar Már Stefánsson, Inga Sigurðardóttir, Conny Spandau, Guðmundur Magnússon og Kristín Eva Benediktsdóttir sem ritaði fundargerð

Dagskrá

1. Tekin var ákvörðun um að skrifa ekki bréf til Lyfju eins og ákveðið var á síðasta fundi þar sem þau mál eru komin í viðunandi horf.
2. Rætt lítlega um sorpmál en vitað er að þau eru í vinnslu og því beðið eftir niðurstöðum.
3. Fram kemur í fundargerð Framkvæmdarnefndar 10.01.2018 sem svar við áskorun Hverfisráðs á síðasta fundi um fegrun bæjarins að "Framkvæmdanefnd þakkar hverfisráði Öxarfjarðar ábendinguna og tekið verðu tillit til hennar við skipulagningu vinnu næsta sumars." Hverfisráð lýsir ánægju með að málið hafi verið tekið fyrir á fundi framkvæmdarnefndar og vonast eftir að sjá eitthvað gerast í sumar.
4. Hverfisráð lýsir ánægju sinni yfir því að búið sé að tryggja rekstur sundlaugarinnar í Lundi sumarið 2018. Hverfisráð leggur áherslu á að sundlögin þyrfti að vera opin lengur fram á haust en verið hefur til að mæta lengingu túristatímabilsins.
5. Hverfisráð ítrekar skoðun sína um afstöðu til leikskóla á svæðinu. Einnig að lögð verði meiri áhersla á að fá fagfolk til starfa á Kópaskeri. t.d. auglýsa oftari eftir leikskólastjóra. Ákveðið að skrifa skólustjóra Öxarfjarparaskóla bréf og óska eftir upplýsingum um núverandi samstarf leikskóladeildanna tveggja.
6. Hverfisráðið var beðið um að minna á loforð um nýtt púlborð í stað þessa sem tekið var nýlega úr Íþróttahúsinu á Kópaskeri.

Önnur mál

1. Ábending kom til Hverfisráðs frá síðustu þorablátsnefnd um slæma aðstöðu til frágangs á borðbúnaði og þessháttar m.a. vegna skorts á loftræstingu í Íþróttahúsinu.
2. Rætt um aðstöðu almennings til nýtingar á Íþróttahúsinu. Komið hafa ábendingar um að vera með opna tíma fyrir almenning.
3. Boðað hefur verið til sameiginlegs fundar með Hverfisráðunum fjórum þann 21. mars. Inga, Kristín og Elvar ætla að mæta.
4. Ákveðið að auglýsa næsta fund Hverfisráðsins þar sem óskað er eftir tillögum um efni sem Hverfisráð geti tekið fyrir.
5. Næsti fundur ákveðinn 18. apríl.

Fundi slitið 20:30

Júga Sig
Kristín Eva
Guðm. Magnússon
Elvar Már Stefánsson
Conny Spandau